

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B124-127

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 124-127

Nr. 920-950

2005

Efnisyfirlit B 124–127 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
920	14. okt.	Auglýsing um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra	1933-1935
921	18. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík	1935
922	19. okt.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	1936
923	19. okt.	Auglýsing um deiliskipulag í Innri-Akraneshreppi	1936
924	21. okt.	Reglugerð um vigtun og skráningu norsk íslenskrar síldar við veiðar á sumargotssíld	1937-1938
925	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, stækkun miðsvæðis við Strandgötu	1938
926	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2000, Sundstræti 36	1939
927	26. okt.	Reglugerð um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halanum	1940
928	25. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, nr. 568/2001	1941
929	25. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum nr. 359/1993, með síðari breytingum	1941
930	11. okt.	Samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímseyjarhrepps	1942-1953
931	11. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi vatnsveitu í Grábrókarhrauni, Borgarbyggð	1953
932	18. okt.	Auglýsing um deiliskipulag við Egilsholt 1 í Borgarnesi	1953
933	17. okt.	Reglugerð um brottfellingu reglugerða á sviði heilbrigðismála	1954
934	11. okt.	Auglýsing um deiliskipulag frístundalóða í Hamrabrekkum 9000-3060, Mosfellsbæ	1954-1955
935	14. okt.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 10/2005 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda á menn 2005	1955
936	11. okt.	Reglugerð um niðurfellingu reglugerðar nr. 175/1983 um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni	1955
937	18. okt.	Reglugerð um flutning hergagna með loftförum	1956-1957
938	17. okt.	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	1957-1958
939	21. okt.	Auglýsing um niðurfellingu svæðisskipulags sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012	1958
940	26. okt.	Reglugerð um sérstök línu- og netasvæði	1959
941	20. okt.	Samþykkt um B-gatnagerðargjald í Djúpavogshreppi	1959-1960
942	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Lækjarhvamur, Bláskógabyggð	1960
943	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, hreinsistöðvar fyrir fráveitu á Egilsstöðum og Hallormsstað, Fljótsdalshéraði	1961

STJÓRNARTÍÐINDI B 124 – 2005

14. október 2005

1933

Nr. 920

AUGLÝSING

um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður
frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, hefur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum búfræðsluráðs, gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra, sbr. fylgiskjal við auglýsingu þessa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. október 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

Fylgiskjal.

**Skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi
frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.**

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Starfsmenntun:

Búfræðingur. 2 ár til 79 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í búfræðum.

Garðyrkjufraeðingur af blómaskreytingabraut. 2 ár til 86 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í blómaskreytingum og meðhöndlun afskorinna blóma og potta-plantna.

Garðyrkjufraeðingur af garðplöntubraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun garð- og skógarplantna.

Garðyrkjufraeðingur af skrudgarðyrkjubraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Lögfest iðngrein í byggingu garða og viðhaldi þeirra.

Garðyrkjufraeðingur af skógræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði skógræktar.

Garðyrkjufraeðingur af umhverfisbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði umhverfistækni, einkum í framleiðslu og nýtingu moltu.

Garðyrkjufraeðingur af ylæktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun grænmetis, afskorinna blóma og pottaplantna.

Háskólanám:

Diploma í garðyrkjutækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).

Diploma í skógræktartækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).

Diploma í skrudgarðyrkjutækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).

B.S. próf í búvísindum. 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á almenna náttúrufræði (180 ECTS).

B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á náttúrunýtingu (180 ECTS).

B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á skógfræði og landgræðslu (180 ECTS).

B.S. próf í skógfræði.

B.S. próf í landnýtingu.

B.S. próf í umhverfisskipulagi (180 ECTS).

Cand. agric. kandidateispróf í búvísindum. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand. agric. kandidateispróf í landnýtingu. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand. agric. kandidateispróf í skógfræði. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand. agric. kandidateispróf í umhverfisskipulagi. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:

M.S. próf í búvísindum. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í landnýtingu. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í skógfræði. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í umhverfisskipulagi. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

HÓLASKÓLI

Starfsmenntun.

Hestafræðingur og leiðbeinandi. 9 mánuðir til 45 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í hrossarækt og reiðmennsku.

Sérhæfð fagmenntun.

Tamningamaður. Diploma í búnaðarfræðum. 9 mánuðir til 30 eininga (60 ECTS).

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í tamningum og þjálfun hrossa.

Reiðkennari og þjálfari. Diploma í búnaðarfræðum. 5 mánuðir til 15 eininga (30 ECTS).
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í keppnishjálfun hrossa og reiðkennslu.

Háskólanám:

Diploma í fiskeldisfræðum, fiskeldisfræðingur. 1 ár til 45 eininga (90 ECTS).

Diploma í ferðamálafræðum dreifbýlis. 1 ár til 45 eininga (90 ECTS).

B.S. próf í fiskeldi og fiskalíffræði 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

B.A. próf í ferðamálafræði 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hábær 38.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 28. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbæjarhverfi vegna lóðarinnar að Háabæ 38.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Krosshamrar 9 – 9a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 28. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamrahverfi vegna lóðanna Krosshamra 9 og 9a.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Gullengi 2 – 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 4. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Engjahverfi, vegna lóðarinnar Gullengi 2 – 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 18. október 2005.

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 Flatahverfi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 29. september 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni Garðagrund 3 í klasa 1 og 2, Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur er færður að norðurhlið lóðar við gangstíg, og eru 3 metrar í lóðarmörk. Einnig að byggingarreitur er lengdur að lóðarmörkum í endum lóðarinnar.

Við bundna byggingarlínu á suðurhlið lóðar er heimilt að gera inngangsanddyri allt að 2 metrum útfyrir bundna línu og allt að 3 metra breitt.

Bílastæði verði 3,5 metrum frá bundinni byggingarlínu lóðar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi og kemur í stað auglýsingar nr. 906/2005, sem birtist 17. október 2005.

Akranesi, 19. október 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Innri-Akraneshreppi.

Deiliskipulag fyrir 1. áfanga íbúðabyggðar í landi Kross, Innri-Akraneshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur sveitarstjórn Innri Akraneshrepps hinn 18. október 2005 samþykkt deiliskipulag að 1. áfanga íbúðabyggðar í landi Kross í Innri-Akraneshreppi. Deiliskipulagið nær yfir um 6,8 ha svæði og þar er gert ráð fyrir 124 íbúðum á 24 lóðum undir einbýlishús og 7 lóðum fyrir sambýlishús.

Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi

Innri-Akraneshreppi, 19. október 2005.

Oddviti Innri-Akraneshrepps,

Ása Helgadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 125 – 2005

21. október 2005

1937

Nr. 924

REGLUGERÐ

um vigtun og skráningu norsk íslenskrar síldar við veiðar á sumargotssíld.

1. gr.

Vigtunarleyfishafi sem tekur á móti síld eða skipstjóri skips sem vinnur afla um borð skal taka sýni úr afla svo sem mælt er fyrir um í 2. gr. Niðurstaða sýnatöku skal lögð til grundvallar við ákvörðun magns og skráningu síldartegunda.

2. gr.

Sýni skulu tekin úr hverjum farmi skips hjá vigtunarleyfishafa og úr hverju kasti um borð í skipi sem vinnur afla um borð. Sýnataka skal fara fram fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 100 sílda sýni í úrtak fyrir hverjar 100 lestir. Þó skal að lágmarki taka samtals 200 síldar og að hámarki 400 síldar. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda í samræmi við kynþroskastig.

Skipstjóri skal ávallt áætla aflamagn og eftir atvikum tilkynna það til vigtunarleyfishafa fyrir löndun.

3. gr.

Í hverju sýni skal magn hvernar síldartegundar vigtað og talið og uppreiknað með tilliti til heildarafla hvernar löndunar. Hver síldartegund skal skráð til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

4. gr.

Um vigtun og skráningu síldarafla gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 552, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla.

5 gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og VI. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Fiskistofa skal afturkalla leyfi til vigtunar ef vigtunarleyfishafi, starfsmenn hans eða aðrir þeir sem starfa í hans þágu brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar. Þá skal Fiski-

stofa svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð, áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. október 2005.

Einar K. Guðfinnsson.

Vilhjálmur Egilsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, stækkun miðsvæðis við Strandgötu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, 4. september 1998.

Breytingin felst í því að miðsvæði sunnan Strandgötu, austan Glerárgötu, stækkar um 35 m til austurs út í Pollinn á nýrri landfyllingu. Afmörkun miðsvæðis gagnvart hafnarsvæði breytist til samræmis við fyrirliggjandi tillögu að menningarhúsi sem ráðgert er að rísi á miðsvæðinu. Einnig er skilgreind umferðartenging svæðisins við Strandgötu. Lenging Torfunesbryggju verður styttri en áður var gert ráð fyrir og hafnarsvæðið verður tvískipt þar sem lóð menningarhúss nær fram á sjávarbakka.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2000, Sundstræti 36.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2000 frá 31. október 1990.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar við Sundstræti 36 breytist úr atvinnu-svæði í svæði fyrir íbúðir og verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 126 – 2005

Nr. 927

1940

26. október 2005

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Halanum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 719, 27. september 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum án smáfiskaskilju eru allar veiðar með fiskibotnvörpu nema síldveiðar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 867, 26. september 2005, um veiðar á íslenskri sumargotssíld, bannaðar á eftirgreindu svæði:

1. 66°53'00 N - 24°35'00 V
2. 66°53'00 N - 24°23'50 V
3. 66°50'50 N - 24°23'00 V
4. 66°48'60 N - 24°32'00 V
5. 66°43'00 N - 24°38'00 V
6. 66°34'50 N - 24°55'60 V
7. 66°34'50 N - 25°02'00 V
8. 66°40'00 N - 24°48'00 V
9. 66°43'00 N - 24°47'00 V
10. 66°52'00 N - 24°41'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 28. október 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. október 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, nr. 568/2001.

1. gr.

Í stað orðanna „Náttúruvernd ríkisins“ og „Náttúruverndar ríkisins“ í 2. gr. reglugerðarinnar og sömu orða hvarvetna í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvæði 52. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999 og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnunin, 25. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum nr. 359/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Umhverfisstofnun til ráðgjafar starfar sérstök ráðgjafarnefnd skipuð af ráðherra til 4 ára í senn. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi Umhverfisstofnunar sem er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Kelduneshreppi og einn tilnefndur af ferðamálasamtökum í viðkomandi landshluta. Þjóðgarðsvörður situr fundi nefndarinnar og hefur málfrelsi og tillögurétt. Nefndin skal halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. gr.

Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ í 3. gr. reglugerðarinnar og sama orðs hvarvetna í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfisstofnun.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnunin, 25. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 127 – 2005

Nr. 930

1942

11. október 2005

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Grímseyjarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Grímseyjarhrepps er skipuð þremur sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Grímseyjarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Grímseyjarhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi að minnsta kosti einu sinni í hverjum mánuði fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00

Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti sveitarfélagsins, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi, á auglýsingatöflu í alfaraleið eða í auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti sveitarfélagsins semur dagskrá sveitarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu eftir því sem við á.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Oddviti sveitarfélagsins skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Oddviti sveitarfélagsins skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn skal kjósa ritara og vararitara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Ritarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarborð sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál sem óviðkomandi er umræðu sveitarstjórnar nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn bríglum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar sveitarfélagsins. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í byrjun næsta fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dag-skrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það oddvita sveitarfélags skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að

eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

40. gr.

Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

44. gr.

Sveitarstjórn fer með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Sveitarstjórn hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér sveitarstjórn um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Sveitarstjórn ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

45. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Oddviti eða annar sveitarstjórnarmaður boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

46. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

47. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

48. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

49. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

50. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

51. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

52. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Búfjárefirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.
2. *Hafnarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
4. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
5. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
6. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsskóla nr. 36/1997.

7. *Fráveitu- og vatnsveitunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
8. *Brunavarnanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
9. *Fulltrúi í héraðsnefnd Eyjafjarðar.*
10. *Fulltrúi á hafnarsambandsþing.*
11. *Fulltrúi á þing Sambands íslenskra sveitarfélaga.*
12. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

53. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

54. gr.

Oddviti hefur með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu vera samkvæmt *reglum um launagreiðslu til sveitarstjórnar og nefnda á vegum Grímseyjarhrepps* sem settar voru 28. janúar 2003 með síðari breytingum.

55. gr.

Oddviti sveitarfélagsins undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins en hefur ekki atkvæðisrétt á nefndarfundum.

Oddvitinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Oddvitinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Oddvitanum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Oddviti er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Varaoddviti skal gegna störfum oddvita í forföllum hans.

56. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim laun frá störfum.

57. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

59. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitar-sjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings og skal hún unnin í samræmi við vinnureglur sveitarstjórnar um gerð fjárhagsáætlana sem settar voru 28. sept-ember 2005 með síðari breytingum. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og fram-kvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags-ins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samnings-bundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhags-áætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórn-arfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dag-skrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveit-arstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjár-hagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 63. gr.

64. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Grímseyjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. október 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Þorgerður Benediktsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi vatnsveitu í Grábrókarhrauni, Borgarbyggð.

Breytingin felst í því að þremur nýjum byggingar- og framkvæmdasvæðum ásamt bor-svæðum, vegaslóðum og lögnum er bætt við. Borholum fjölga úr 2 í 5. Mörkum skipulags-svæðisins er breytt og þau færast um 30 m til suðvesturs. Svæðið stækkar um 0,6 ha.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Ofangreindar breytingar á skipulagi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 11. október 2005.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Egilsholt 1 í Borgarnesi.

Um er að ræða lóð undir verslun við Egilsholt 1.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 18. október 2005.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerða á sviði heilbrigðismála.

1. gr.

Eftirtaldar reglugerðir eru felldar brott:

Reglugerð nr. 25/1955 fyrir Gæzluvistarhælið að Gunnarsholti, skv. lögum nr. 55/1949, sbr. lög nr. 91 /1953.

Reglugerð nr. 5/1968 um geislavarnir ríkisins, með síðari breytingum nr. 274/1981 og 445/1982, skv. lögum um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislataækjum nr. 95/1962.

Reglugerð nr. 142/1977 um heilsugæslu og félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst í fávitastofnunum, skv. 14. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir.

Reglugerð nr. 277/1977 fyrir Proskapjálfskóla Íslands, með síðari breytingu nr. 256/1987, skv. 1. gr. laga nr. 12/1977 um breytingu á lögum nr. 53/1967 um fávitastofnanir og 3. gr. laga nr. 40/1985 um Proskapjálfskóla Íslands.

Reglugerð nr. 225/1978 um heilbrigðismálaráð, með síðari breytingu nr. 439/1979, skv. 7. gr. 4. tl. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

Reglugerð nr. 547/1982 fyrir Ljósmeðraskóla Íslands, skv. lögum um Ljósmeðraskóla Íslands nr. 35/1982.

Reglugerð nr. 595/1982 um áfengisvarnarnefndir, skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Reglugerð nr. 284/1983 um ráðstöfunarfé örorku- og ekkjulífeyrisþega á dvalarstofnunum, skv. 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um málefni aldraðra nr. 91/1982.

Reglugerð nr. 386/1985 fyrir Kópavogshæli, skv. 24. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sbr. og lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Reglugerð nr. 437/1985 um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá, skv. 7. gr. lyfjalaga nr. 108/1984.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. október 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóða í Hamrabrekku 9000-3060, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti 11. ágúst 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundalóðir í Hamrabrekku 9000-3060 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í deiliskipulaginu felst að afmarkaðar eru þrjár lóðir fyrir 60 m² frístundarhús, 10 m² geymslu og 30 m² gróðurhús á hverri lóð.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 11. október 2005,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/2005 um framlengingu á fresti skattstjóra til að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda á menn 2005.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að framlengja þann tveggja mánaða frest, sbr. 99. gr. tilvitnaðra laga, sem skattstjórum er settur til að úrskurða þær kærur, er bárust fyrir lok kærufrests þann 29. ágúst sl. vegna þeirrar álagningar á menn, sem auglýst var lokið 29. júlí 2005, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu sem birt var þann dag.

Samkvæmt framansögðu framlengist ofangreindur frestur til 7. febrúar 2006.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 14. október 2005.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 175/1983 um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni.

1. gr.

Reglugerð nr. 175/1983 um eftirlit með skipulögðum hópferðum erlendra aðila til Íslands í atvinnuskyni sem sett var samkvæmt lögum nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, fellur úr gildi. Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 11. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um flutning hergagna með loftförum.

1. gr.

Gildissvið og framkvæmd.

Reglugerð þessi gildir um flutning hergagna með loftförum um íslenskt yfirráðasvæði. Hún gildir þó ekki um ríkisflug né loftför Landhelgisgæslu Íslands og íslenskra lögregluyfirvalda.

Um meðferð skotvopna og skotfæra um borð í íslenskum loftförum og loftförum innan íslenskrar lofthelgi, m.a. hverjir mega bera þau og í hvaða tilvikum og hvernig að því skuli staðið gilda reglur sem ríkislögreglustjóri setur.

Flugmálastjórn Íslands sér um framkvæmd þessarar reglugerðar þar á meðal veitingu leyfa.

2. gr.

Bann.

Flutningur hergagna með loftförum um íslenskt yfirráðasvæði er óheimill nema með sérstöku leyfi Flugmálastjórnar Íslands sbr. 3. gr.

Bann þetta nær til hverskyns umferðar um íslenskt yfirráðasvæði hvort sem er til flugtaks, landingar eða yfirflugs um íslenskt yfirráðasvæði.

3. gr.

Leyfisveitingar.

Beiðni um leyfi skv. 2. gr. skal berast Flugmálastjórn 7 dögum áður en flug er fyrirhugað nema sérstakar aðstæður komi upp þar sem flutningur hergagna er nauðsynlegur með skömmum fyrirvara, t.d. þegar upp kemur hætta eða átök sem krefjast flutnings hergagna með skemmri fyrirvara. Í beiðni skal greina:

- a) Nafn flugrekanda, heimilisfang, síma, tölvupóstfang og faxnúmer.
- b) Þjóðerni, skrásetningamerki og tegund loftfars.
- c) Staðfestingu á váttryggingum.
- d) Leið þá sem fljúga skal, ákvörðunarstað og upplýsingar um hvar og hvenær skuli flogið inn í íslenska lofthelgi.
- e) Dagsetningu og áætlaðan komu- og brottfarartíma frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- f) Markmið flugsins, áhöfn og farþega, hvaða hergögn er um að ræða og magn þeirra.

Ef óskað er leyfis, sem felur í sér mikið magn hergagna, mikla tíðni eða um er að ræða óvenjulega eða sérstaklega viðkvæman flutning eða flutning inn á hættu- eða átakasvæði skal Flugmálastjórn Íslands aðeins veita slíka heimild að höfðu samráði við samgönguráðuneyti.

4. gr.

Orðskýringar.

Með hergögnum er í reglugerð þessari átt við:

- a) Skotvopn 5,56 mm að hlaupavídd (22 kaliber) og stærri, eldvörpur, búnað til myrkvunar eða reykmyndunar, hvers konar skotpalla eða losunarbúnað fyrir sprengjur, eldflaugar, flugskeyti, tundurskeyti og tundurdufl.
- b) Skotfæri og aðrar hleðslur í þær tegundir vopna og búnaðar er greinir í a-lið, sem og hand- og jarðsprengjur.

- c) Sprengi- og tundurefni ásamt púðri og hvellhettum í búnað samkvæmt a- og b-lið.
- d) Sérhvert það tæki sem ætlað er til dreifingar efna í kjarnorku-, lífrænum- eða efna-hernaði, sem og hleðslu í þau.

Við skilgreiningu hergagna samkvæmt reglugerð þessari skiptir eigi máli hvort hergagnið er flutt samansett eða í hlutum.

Til hergagna teljast þó ekki venjuleg veiði- og markskotvopn, sem og neyðar- og við-vörunarbúnaður loftfarsins og annað það sem nauðsynlegt má telja vegna öryggis flugsins, áhafnarinnar og farþeganna. Sama gildir um skotelda o. þ. h., sbr. 1. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

5. gr.

Viðurlög.

Brot á 2. gr. reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 84. gr. sömu laga.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 eins og henni var breytt með lögum nr. 75/2005, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 348/1983 um flutning hergagna með loftförum.

Samgönguráðuneytinu, 18. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi hesthúsasvæðis á Varmárbökkum.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 21. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi hestuhúsasvæðis á Varmárbökkum, Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í að heimilt er að reisa reiðhöll, aðstöðu fyrir reiðskóla ásamt bíla-stæðum á svæðinu. Stærð lóðar er 15.982 m² og stærð byggingarreits 4.050 m². Hámarks-hæð húss er 11 m.

Breyting á deiliskipulagi Reykjavegar 36.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 31. ágúst sl. tillögu að breyt-ingu á deiliskipulagi Reykjavegar 36 í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags-og byggingarlaga.

Breytingin felst í að lóðin er stækkuð úr 10.640 m² í 11.165 m² til austurs. Heildarbyggingarmagn er aukið úr 2.338 m² í 3.350 m². Hámarkshæð húss verður 8,4 m. Nýtingarhlutfall verður 0,3.

Breyting á deiliskipulagi í Laugabólslandi, Dalsá og Fell.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 21. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Laugabólslandi, Dalsá og Fell, í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að reisa nýtt íbúðarhús á lóð Fells, jafnframt er aðkoma að lóðinni færð til. Heimilt er að byggja viðbótarhús á lóð Dalsár. Óheimilt er að endurbyggja hús sem standa utan byggingarreits.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 17. október 2005,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um niðurfellingu svæðisskipulags sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest niðurfellingu svæðisskipulags sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 er í heild sinni fellt úr gildi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar um svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 31. desember 2005, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 30. apríl 2006, eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. október 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjald í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Djúpavogshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmál húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands og verður 3% á gjaldskyldu húsnæði í sveitarfélaginu, sbr. 1. gr.

4. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. gjaldfellur þegar lokið er lagningu bundins slitlags og gangstéttar en dreifa má greiðslum án vaxta í allt að 18 mánuði eftir gjalddaga.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Djúpavogshrepps samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps, 20. október 2005.

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Lækjarhvammur, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að bætt er við efnistökusvæði um 500 m norðan við bæjarhúsin að Lækjarhvammi. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka verði minni en 50.000 m³.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisiráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, hreinsistöðvar fyrir fráveitu á Egilsstöðum og Hallormsstað, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að skilgreind eru fjögur ný iðnaðarsvæði vegna hreinsistöðva fráveitu, þrjú sunnan Eyvindarár og eitt neðan Þjóðveggar nr. 931 vegna fráveitu frá þéttbýlinu á Hallormsstað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, verslunar- og þjónustusvæði við Hafnargötu og Ránargötu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, frá 17. desember 2002.

Í breytingunni felst að verslunar- og þjónustusvæði við Hafnargötu og Ránargötu stækkar um 2.800 m² til norðvesturs á kostnað opins svæðis til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015, hafnarsvæði – Norðurgarður.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015, frá 8. desember 2003.

Breytingin felst í því að hafnarsvæðið við Norðurgarð stækkar um 8.000 m² með landfyllingu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grundarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Minna-Mosfell.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 107 ha svæði í landi Minna-Mosfells breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Annars vegar 85 ha svæði norðan Biskupstungnabrautar og hins vegar 22 ha svæði fyrir sunnan veg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Fossgerði, Fljótshálsa.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Landnotkun á hluta jarðarinnar Fossgerði, um 59,7 ha, breytist í opið svæði til sérstakra nota í stað iðnaðar- og landbúnaðarsvæðis.
- Ný veltenging frá svæðinu inn á Borgarfjarðarveg.
- Lega reiðleiðar frá þéttbýlinu á Egilsstöðum meðfram Borgarfjarðarvegi breytist auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum reiðleiðum í landi Fossgerðis og nýrri reiðleið frá Borgarfjarðarvegi niður með afleggjara að námum í Mýnesi og þaðan suður með Eyvindará í átt að Egilsstöðum.
- Gert er ráð fyrir nýjum göngu- og hjólreiðastíg austan við Borgarfjarðarveg frá Egilsstöðum og að fyrirhuguðu athafnasvæði hestamanna í Fossgerði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótshálsa. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Rangárbings eystra 2003-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. október 2005 staðfest aðalskipulag Rangárbings eystra 2003-2015.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Rangárbings eystra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hvolsvallar 1990-2010 frá 14. maí 1990, með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 20. október 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Nesjar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að svæði fyrir frístundabyggð í landi Nesja stækkar um 120 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo: Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 1.212.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 220/2005, um sama efni.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. október 2005.

Árni Magnússon.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
944	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, verslunar- og þjónustusvæði við Hafnargötu og Ránargötu	1961
945	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015, hafnarsvæði – Norðurgarður	1962
946	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Minna-Mosfell	1962
947	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Fossgerði, Fljótsdalshérað	1963
948	20. okt.	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Rangárpings eystra 2003-2015	1963
949	21. okt.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Nesjar	1964
950	24. okt.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001	1964

